


Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ		
Samþykkt: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Síða 1-		

**Tegund fundar:** Skólanefndarfundur

**Fundarritari:** Helga Jóhannsdóttir

**Dagsetning:** 16.11.2022

**Fundarstjóri:** Steinn Jóhannsson

**Tími:** kl. 16:30

**Mætt:**

**Fundinn sátu:**

Helga Jóhannsdóttir, Steinn Jóhannsson, Huguína R Hólmgeldsdóttir (fulltrúi kennara), Margrét M. Norðdahl Rúna Guðmundsdóttir (varafulltrúi kennara), Hrefna Tryggvadóttir forseti NFMH, Einar Örn Ævarsson, Magnea Gná Jóhannsdóttir

**Tilefni:** Fundur nr. 4 2022

**Forföll** Aðalsteinn Haukur Sverrisson (Formaður skólanefndar), Eyþór Laxdal Arnalds. TEAMS: Gylfi Guðmundsson (foreldrafélagi).

#### Dagskráin er eftirfarandi:

Efni fundarins er eftirfarandi:

1. Skólastarfið síðustu vikur
2. Fjárhagsáætlun næsta skólaárs
3. Tillaga að hækku félagsgjalda í NFMH
4. Önnur mál

#### Fundargerð:

Skólastarfið á síðustu vikum:

- Rektor sagði frá stöðu mála sem hafa verið í gangi í haust. Sagði frá að við værum búin að hitta teymið sem hefur tekið að sér að vera ráðgefandi í eineltismálum sem upp komu á haustönn og við erum vanhæf um að sinna. Starf þeirra gengur vel og verður skilafundur á málunum væntanlega í næstu viku. Þessi mál hafa reynst nemendum og starfsfólki erfið en andinn í skólann sé hins vegar góður þessa dagana. Umræða nemenda hafi breyst úr að þetta sé skólinn að gera ekki neitt yfir í að þetta sé kerfisbundið vandamál í íslensku framhaldsskólakerfi.
- Verkferlar og áætlanir sem ráðuneytið og félag íslenskra framhaldsskólanema er að vinna að fyrir alla skóla verður tilbúið í janúar. Skólar ættu í framhaldinu að geta lagað áætlunina að sinni starfsemi.


#### Fjárhagsáætlun næsta skólaárs

Steinn fór yfir fjárhagsáætlun sem er í vinnslu. Spurning um hvernig sértekjur eru settar inn í áætlanir og eru til lækkunar á framlagi til skólans. Nokkrir tölvupóstar farið á ráðuneytið þar sem óskað er eftir leiðréttingu á sértekjum. Næsta ár verður erfitt og skólinn þarf að laga sig að því að vera 920-950 ársnemendaskóli, m.a. með tilliti til fjölda áfanga sem eru í boði á hverri önn.

#### Tillaga að hækku félagsgjalda í NFMH

NFMH vill fá að hækka félagsgjaldið í nemendafélagið – hækka úr 4000 kr. í 5000 kr.

Nemendafélagið hefur verið að fá minna framlag þar sem nemendum hefur fækkað og það eru 10 ár frá síðustu hækku. Skólanefnd samþykkir hækkuina samhljóma.

Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Samþykkt: SJ		
Síða 2-		

#### Önnur mál

- Tveir starfsmenn að hætta, einn ráðinn inn fyrir kennara í fæðingarorlofi á vorönn.
- Fjórdá græna skrefið kom í hús í vikunni og vinna hafin við það fimmta.
- Hjólaskýlið – Beiðni hjá framkvæmdasýslu ríkisins að loka skýlinu sem fyrst þar sem þremur hjólum hefur verið stolið á haustönn.
- Umræða um kynheilbrigði, kynjafræði, umhverfisáfangi og fleira og hvað ætti að vera skylda og hvar hefur áhersla verið og hvar ætti hún að vera. Við munum kanna í okkar gögnum hver ásókn hefur verið í kynjafræði hingað til.

Næsti fundur miðvikudaginn 15. mars 2023

---

*Við viljum benda fundarfólki á að Strætó númer:13 stoppar í Hamrahlíð, 1-3-6 stoppar við Miklabraut/Hlíðar, 1-4 stoppar við Kringlumýrarbraut, 2 – 14 við Borgarleikhúsið, 57 við Kringlumýrarbraut/Miklabraut/Hlíðar, 18 Bústaðaveg*